



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 4. janúar 2021.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (endurgreiðsla kostnaðar), 401. mál, þingmannafrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) hefur rætt ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu felst að leiðrétt verður mismæmi í greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands vegna læknismeðferða, m.a. gerviliðaaðgerða eftir því hvert sjúklingur leitar til að gangast undir aðgerðina.

Frumvarpið er nú flutt í þriðja sinn. Það var fyrst lagt fram á 149. löggjafarþingi (293. mál). LÍ sendi þá umsögn um málið dags. 5. júní 2019. Þá var frumvarpið aftur lagt fram á 150. löggjafarþingi en dagaði uppi. Enn er frumvarpið endurflutt og nú í breyttri mynd eftir ábendingar Sjúkratrygginga Íslands.

Fyrir liggur að langur biðlisti er eftir ýmsum aðgerðum hér á landi þó gerviliðaaðgerðirnar hafi mest verið til umfjöllunar. Auknir fjármunir til ríkisrekinnna heilbrigðisstofnana hafa ekki skilað þeim árangri sem vænst var enda sýnir athugun embættis landlæknis að þeim fer sífellt fjölgandi sem þurfa á þessum aðgerðum að halda. Hefur sú fjölgun orðið hraðari en stjórnvöld sáu fyrir þegar svokallað biðlistaátak fór af stað fyrir nokkrum misserum.

Vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt reglum Evrópusambandsins um almannatryggingar eiga sjúkratryggðir hér á landi með tvennum hætti aðgang að læknismeðferð í EES-landi, annars vegar samkvæmt svokallaðri biðtímareglugerð, hins vegar samkvæmt svokallaðri landamæratilskipun. Biðtímareglugerðin og landamæratilskipunin hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

Biðtímareglugerðin leiðir til þess að sjúkratryggður sem beðið hefur lengur en ásættanlegt er talið eftir aðgerð hér á landi á þess kost að fara í aðgerðina til EES-lands og Sjúkratryggingar Íslands greiða allan kostnaðinn, bæði við aðgerðina og vegna ferðarinnar. Kjósi þessi sami sjúkratryggði að biða ekki í tilskilinn tíma heldur fara strax í aðgerðina í EES-landi þá leyfir landamæratilskipunin honum að fara í aðgerð í EES-landi, bæði hjá ríkisrekinni heilbrigðisstofnun og einkarekinni. Sjúkratryggingar Íslands greiða þessum sjúkratryggða einstaklingi sömu fjárhæð og aðgerð kostar hér á landi hjá ríkisrekinni heilbrigðisstofnun. Annan kostnað verður sjúkratryggður að bera sjálfur.

Sumir sjúkratryggðir geta af ýmsum ástæðum ekki notfært sér þau réttindi sem biðtímareglugerðin og landamæratilskipunin veita þeim. Þessir sjúkratryggðu eiga þá tvo kosti, að biða eftir aðgerð hér hjá ríkisrekinni heilbrigðisstofnun eða fara í aðgerðina hjá einkarekinni heilbrigðisstofnun. Í fyrra tilfellinu ber sjúkratryggður engan kostnað. Velji hann síðari kostinn greiða Sjúkratryggingar Íslands engan hlut í kostnaðnum við aðgerðina þar sem heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að semja ekki við þessa einkareknu heilbrigðisstofnun, þó kostnaður við hverja aðgerð þar sé sambærilegur eins og á ríkisreknu heilbrigðisstofnuninni og sennilega 40-50% af kostnaðnum við það þegar sjúkratryggður velur að fara til EES-lands á grundvelli biðtímareglugerðarinnar.

Þetta er auðvitað þversögn sem gengur ekki upp og mismunar sjúklingum alvarlega. Auk þess er með þessu verið að sóa almannafé því fyrir hverja eina aðgerð sem Sjúkratryggingar greiða í EES-landi vegna gerviliðaaðgerðar á grundvelli biðtímareglugerðarinnar má framkvæma a.m.k. tvær hér á landi hvort sem er á opinberri heilbrigðisstofnun eða einkarekinni.

Með fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að við 38. gr. laga um sjúkratryggingar bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr. sem tryggi það að sjúkratryggður sem á rétt á því að fara til EES-lands í aðgerð geti farið í slíka aðgerð hér á landi þó svo að Sjúkratryggingar Íslands hafi ekki gert samning við þjónustuveitandann.

Í frumvarpinu felst því mikilvæg réttarbót gagnvart því þversagnarkennda ástandi sem nú ríkir hér á landi hjá sjúkratryggðum sem þurfa á að halda gerviliðaaðgerðum eða öðrum aðgerðum sem löng bið er eftir.

Stjórn LÍ styður eindregið þetta lagafrumvarp og hvetur til þess að það verði samþykkt sem allra fyrst.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða þetta mál frekar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,



Reynir Arngrímsson,
formaður.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2021

Umsögn um frumvarp til laga á breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (endurgreiðsla kostnaðar). Þingskjal 577 – 401. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Heilbrigðiskerfið er fjársvelt og þrátt fyrir mótvægisáðgerðir lengjast margir biðlistar. Á grundvelli 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 hafa sjúklingar rétt á að sækja sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES- samningsins hafi bið eftir nauðsynlegri meðferð farið yfir ásættanleg tímamörk.

Okkur ber að fara vel með takmarkað fjármagn í heilbrigðisþjónustu og það er sýnt að best er að hún sé veitt eins og hægt er innan félagslega kerfisins.¹ Að sama skapi er illa farið með tíma og fjármagn þegar fólk neyðist til að sækja sér lækniþjónustu erlendis. Ennfremur er það ekki góður kostur á tímum farsóttu.

Þá er betra að gera tímabundna samninga við aðila á innlendum markaði til að vinna niður biðlistana. Ennfremur er tekið undir með flutningsmönnum frumvarpins að sú heimild sem sjúkratryggður einstaklingur fær með reglugerð EB til að sækja sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES samningsins gildi einnig á Íslandi. Réttur sjúklinga til að sækja sér sömu heilbrigðisþjónustu erlendis, sbr. ofangreinda EB-reglugerð, skerðist ekki við það.

Að því sögðu eru stjórnvöld hvött til að byggja upp getu félagslega kerfisins til að vinna þessi verk svo að ekki þurfi að koma til þess að vinna þau utan þess nema í undantekningartilfellum. Auka má skilvirkni í opinbera kerfinu með því að eyða flöskuhálsum. Hátæknisjúkrahús eru ekki og eiga ekki að vera hjúkrunarstofnanir eða sjúkrahótel.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Emil Thoroddsen
formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál

¹ <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2015/02/nr/5405>